

**SAMÞYKKI**

**SKULDABRÉFAEIGANDA AÐ SKULDABRÉFAÚTGÁFU IH140647**

**VEGNA SKIPTINGU ÍSLANDSHÓTELA HF.**

Samkvæmt skilmálum liðar 3.1 e) útgáfulýsingar skuldabréfaútgáfu útgefna af útgefandanum 14. júní 2017, auðkennd IH140647 skal útgefanda heimilt að ráðast í skiptingu að fengnu samþykki aukins meirihluta (2/3) skuldabréfaeigenda.

Í samræmi við lýsingu IH140647 óskaði stjórn Íslandshótela kt. 690169-2919 eftir samþykki skuldabréfaeigenda fyrir félagaréttarlega skiptingu Íslandshótela hf., kt. 630169-2919, Sigtúni 28, 105 Reykjavík. Skiptingin er framkvæmd samhliða félagaréttarlegum samruna Íslandshótela hf. við dótturfélagið Helgaland ehf., kt. 691209-3850. Umræddur samruni og skipting, sem fara fram á grundvelli XIV. kafla laga nr. 2/1995, um hlutafélög, og XIV. kafla laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög, eru hluti af skipulagsbreytingum og hagræðingu í rekstri Íslandshótela hf. þar sem lóð að Sigtúni 30, sem áður var í eigu Helgalands ehf. og tilheyrir íbúðabyggð, verður haldið utan um í Óttuhæð ehf. þar sem hún tilheyrir annars konar rekstri en aðalrekstri samstæðu Íslandshótela hf.

Vakin er athygli á því að réttur kröfuhafa er tryggður samkvæmt 3. mgr. 133. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög, enda ber hvort félagana um sig ábyrgð á kröfu hins skipta félags fái kröfuhafi ekki kröfu sinni fullnægt í því félagi sem kröfuna skal greiða. Að auki telja stjórnir félaganna, auk yfirlýsingar löggilts endurskoðanda, að umrædd skipting sé ekki til þess fallin að rýra möguleika núverandi lánadrottna til fullnustu krafna sinna, þ.m.t. skuldabréfaeigenda.

Meirihluti eða 88,89% skuldabréfaeigenda hefur veitt óafturkræft samþykki fyrir skiptingunni, með staðfestingu í tölvupósti, og teljast því skilyrði umræddrar skuldabréfaútgáfu uppfyllt gagnvart skiptingu Íslandshótela hf.